

árvöxtum frá sáttakærudegi þangað til fé þetta verður greitt. Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera.

Hinum stefnda, Þorgrími lækni Johnsen, ber að fá greitt úr landssjóði 300 kr. með 5% árvöxtum frá því mál þetta var lagt til sátta og þangað til féð verður greitt. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 2. maímán.

Nr. 8/1881.

Réttvísingegn

geggn

Lárusi Pálssyni.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. dag septembermán. f. á., var Lárus Pálsson á Hellum í Vatnsleysustrandarhreppi dæmdur fyrir ólöglegar lækningatilraunir til að greiða 20 kr. sekt til sveitarsjóðs téðs hrepps og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað; á hinn bóginn er hinn ákærði ekki dæmdur fyrir ólöglega meðalásölu, er honum þó einnig var gefið að sök. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur í sakamálu, og öðrum skýrslum, sem fram hafa komið við rekstur málsins, er það löglega sannað, að hann um næst undan farinn 11 ára tíma hefir fengist við lækningar eftir homöopathiskum reglum og með homöopathiskum meðölum, án þess að hann hafi tekið opinbert próf í lækisfræði eða öðlast leyfi til að hafa lækningar um hönd. Þetta atferli hins ákærða hefir undirdómarinn

með réttu heimfært undir tilskipun 5. septbr. 1794, 5. gr. án þess að það geti komið til greina, að ekki er sannað, að tjón hafi hlotist af lækningatilraunum hans, og er hegningin eftir nefndum lagastað sbr. við tilskip. 24. jan. 1838, 3. gr. rétt metin 20 kr., er renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Að því leyti hinn ákærði einnig hefir verið sakaður um óleyfilega meðalásölu, þá verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum samdóma um, að það sé ekki nægilega sannað, að hinn ákærði hafi sérstaklega haft um hönd meðalásölu, eða látið af hendi meðul fyrir ákveðna borgun, heldur virðist svo, sem hann aðeins hafi látið meðul úti við þá, sem leituðu lækninga hjá honum, og ekki tekið aðra borgun fyrir en þá, sem hann tók fyrir lækningatilraunina í heild sinni, en fyrir þannig vaxin meðalaútlát virðist hinn ákærði ekki verða látinn sæta ábyrgð sérstaklega. Ber því að staðfesta hinn áfryjaða héraðsdóm einnig að því er snertir málskostnað, og ber hinum ákærða þá einnig að greiða allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara við yfirdóminn, 10 kr. Hinn skipaði verjandi hefir engra varnarlauna krafist. Á máli þessu hefir að vísu orðið talsverður dráttur í héraði, en þó virðist ekki fullnæg ástæða til að láta þetta varða dómarrann ábyrgð, einkum vegna þess, að sýslumannaskifti í Gullbringusýslu urðu 1878 skömmu eftir að byrjað var á prófunum, og svo virðist, sem hinum núverandi sýslumanni, sem þá tók við, hafi yfirsést, að rannsóknin var byrjuð af formanni hans, þangað til hlutaðeigandi amtmaður minti hann á það 1880.

Fyrir yfirdómi hefir sókn og vörn í málinu verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Undirréttardómnum skal óraskað. Hinn ákærði Lárus Pálsson greiði allan af áfryjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara við yfirdóminn, Jóns ritara Jónssonar 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 4/1881.

Jón landshöfðingjaritari Jónsson
gegn

Dr. Grími Thomsen, sem vara-
forseta Þjóðvinafélagsins.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur 29. aprílmán f. á., var Jón landshöfðingjaritari Jónsson dæmdur til að gjöra Dr. Grími Thomsen á Bessastöðum sem varaforseta hins íslenska þjóðvinafélags fullreikningsskil fyrir fé því, er hann á tímabilinu frá alþingislokum 1877 til alþingisloka 1879 hefði veitt móttöku fyrir hönd nefnds Þjóðvinafélags, og skila fé því, er það enn þá kynni að eiga í vörzlum hans, og í öðru lagi til að gera grein fyrir þeim bókom félagsins, sem hann hefði tekið við og skila þeim, sem enn kynni að vera í vörzlum hans, hvorttveggja að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern þann dag, er hann léti fyrirfarast að fullnægja dóminum. Loks var hann dæmdur til að greiða Dr. Grími Thomsen 12 kr. í málskostnað. Þessi bæjarþingsdómur, er hinn stefndi hafði skotið til yfirdómsins til staðfestingar, var staðfestur með landsyfírréttardómi 19. júlímán. s. á., og var sá landsyfírréttardómur birtur hinum dómfelda sama